

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.oldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 21. TBL.

5. FEBRÚAR 2010

Námskeið vorannar hefjast í næstu viku

Námskeið á vorönn 2010 hefjast formlega í næstu viku þegar fyrstu námskeiðin á vegum Skólaskrifstofunnar byrja. Alls voru 12 ný námskeið kynnt og eitt þeirra er þegar fellt niður sökum dræmrar þátttöku (sjá bakhlið blaðsins).

Einstaka námskeið eru nú þegar yfirfull en á flest námskeiðin eru enn laus pláss. Hægt er að skrá sig á námskeið alveg fram að upphafi þeirra. Þannig eru enn laus pláss á jafnréttisnámskeiði sem hefst á mánudaginn kemur auk þess sem áfram er skráð á námskeið sem ekki eru þegar hafin.

Námskeiðin eru skipulögð á svipaðan hátt og áður. Þau eru flest haldin á mánudögum kl. 15-17 en í einstaka tilvikum er vikið frá því, sérstaklega ef um verk- og listgreinanámskeið er að ræða.



Þessi mynd og aðrar í Skólavefritinu í dag voru teknar á fundum starfsfólks grunnskólanna í Setbergsskóla í haust.

Starfsskýrslan kemur út í næstu viku

Stefna og starfsskýrsla fræðsluviðs, **Að settu marki 2010**, kemur út í næstu viku. Hún verður kynnt í fræðsluráði á mánudag og fljótlega eftir það fer hún í almenna dreifingu í gegnum vef bæjarins.

Þetta er í þriðja skipti sem skýrslan er gefin út. Í ár verður skýrslan 98 síður en hún var 40 síður á síðast ári. Helsta breytingin er sú að nýr kafli kemur í skýrsluna sem kynnir ýmsa starfsemi í skólakerfinu í bænum og tölusöfnun sem tengist því. Auk þess eru viðfangsefni sem voru í síðustu skýrslu kynnt ítarlegar í ár og þetta tvennt skýrir stækkun skýrslunnar milli ára.

Starfsskýrslan er tilraun Skólaskrifstofu til að vera með á einum stað margvíslegar upplýsingar um skólamál í Hafnarfirði sem eiga að gagnast bæjarbúum, bæjaryfirvöldum og starfsfólki á fræðsluviði í störfum sínum.



Skólaþróun



VERKEFNISVEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/raedslusvid/ad_settu_marki/



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

- » Skilafrestur á sögum í smásagnasamkeppni 8.-10. bekkinga er til 12. febrúar til Skólaskrifstofu, þ.e. næsta föstudag. Hver skóli velur úr 3-5 sögum til að senda í úrslitin.
- » Minnt er á ráðstefnu um lestur og læsi í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ á morgun í Stakkahlíð kl. 10-15.15. Sjá nánar **Skólavefritið** fyrir tveimur vikum síðan.



Námskeið hjá Símenntun-Rannsóknir-Ráðgjöf



Símenntun

SRR varð til þegar Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands og rannsóknarstofnun KHÍ voru sameinaðar í janúar 2007 og er nú hluti Menntavísindasviðs HÍ. Meginhlutverk SRR, Símenntunar, Rannsókna og Ráðgjafar, er að (1) vera þjónustustofnun á fræðasviði uppeldis, menntunar og þjálfunar, (2) skapa vettvang fyrir miðlun þekkingar milli

starfsmanna Menntavísindasviðs, annarra sérfræðinga á sviði uppeldis, menntunar og þjálfunar og þeirra sem starfa á vettvangi og (3) vekja athygli á nýjungum og frumkvöðlastarfi á sviði símenntunar.

Námskeið sem boðið er upp á á vorönn 2010 eru:

- Hljóm2.
- Tímastjórnun, streita og frestun.

- Sögur í gegnum hreyfimyndir (klippimyndir)
 - Hagnýt leiklist.
 - Geogebra.
 - Hvernig kenni ég ljóð?
 - Húmor í skólastofunni.
 - Málið í textunum.
- Sjá nánar vef SRR um einstök námskeið.



Tilkynning vikunnar

Munið að enn er hægt að skrá sig á námskeið sem ekki eru þegar hafin. Námskeiðið eru kynnt í námskeiðahandbók sem nálgast má á vef bæjarins og hefur einnig verið send í tölvupósti til kennara og annars fagfólks grunnskólanna í Hafnarfirði.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
12. febrúar 2010

SRR - Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf



VEFSLÓÐ: <http://vefsetur.hi.is/srr/>



Vefhornið

Námskeið í næstu viku

Mánudagur 8. febrúar:

- Námskeið 305, **Opni skrifstofupakkinn til náms II**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. FELLUR NIÐUR SÖKUM DRÆMRAR ÞÁTTTÖKU.
- Námskeið 503, **Jafnréttisfræðsla í skólastarfi grunnskóla**, kl. 15-17 í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla. I. tími. Enn hægt að skrá sig á námskeiðið.

Fimmtudagur 11. febrúar:

- Námskeið 605, **Útskurður í flattré**, kl. 16-19 í Menntasetrinu við Lækinn (smíðastofa á skólalóð). I. tími. NÁNAST FULLT.
- Námskeið 606, **Nýjar flíkur úr gömlum fötum**, í Réttarholtsskóla (Rvík, textílstofa) kl. 14.30-18. FULLT.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/